

REGLUGERÐ

ORLOFSSJÓÐS VERKALÝÐSFÉLAGS VESTFIRÐINGA, VERK VEST

1. grein. Nafn sjóðsins og heimili

Sjóðurinn heitir Orlofssjóður Verkalýðsfélags Vestfirðinga, Verk Vest og er eign þess félags. Heimili hans og varnarþing er á Ísafirði.

2. grein. Tilgangur og markmið

Tilgangur sjóðsins er að gera sjóðfélögum kleift að njóta orlofs með því að:

1. Koma upp, eiga og reka orlofssvæði, orlofshús og orlofsíbúðir til að leigja félagsmönnum Verk Vest á eigin vegum eða í samvinnu við önnur félög og samtök.
2. Semja um hagstæð kjör á orlofsferðum og gistingu bæði innanlands og utan.
3. Standa fyrir orlofsferðum fyrir félagsmenn.
4. Standa fyrir kynningar- og fræðslustarfi í sambandi við orlofsmál og nýtingu orlofs.

Heimilt er að skipa ferðanefnd sem annast undirbúning og skipulagningu einstakra orlofsferða. Sjóðnum er heimilt að ganga til samstarfs við önnur stéttarfélög í framangreindum tilgangi.

3. grein. Tekjur sjóðsins

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Samningsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins skv. kjarasamningum félagsins.
- b) Leigutekjur af rekstri þeirra eigna sem sjóðurinn á.
- c) Vaxtatekjur.
- d) Gjafir, framlög og styrkir.

4. grein. Skipan sjóðsstjórnar

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur aðalmönnum og þremur til vara kosnum til tveggja ára í senn samkvæmt lögum félagsins. Ný stjórn tekur við þegar kjöri hennar hefur verið lýst á aðalfundi.

5. grein. Hlutverk stjórnar sjóðsins

Hlutverk sjóðsstjórnar er að:

1. annast vörslu sjóðsins,
2. annast ávöxtun sjóðsins,
3. annast rekstur og umsjón eigna, þ.m.t. byggingafrankvæmdir, viðhald og leigu ef um það er að ræða,
4. annast samskipti við önnur félög og samtök vegna orlofsmála,

5. úthluta samkvæmt reglum sjóðsins.

Sjóðstjórn skal koma saman svo oft sem þurfa þykir en eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Sjóðnum skal stjórnað í samræmi við lög og starfs- og siðareglur félagsins. Sjóðsstjórn skal halda gerðabók þar sem fundargerðir og ákvarðanir eru skráðar. Sjóðsstjórn setur reglur þar sem kveðið er á um rétt til úthlutunar.

6. grein. Reikningar og endurskoðun

Halda skal bókhaldi sjóðsins aðskildu frá öðrum fjárreiðum félagsins. Iðgjaldagreiðslur til sjóðsins skulu skráðar á nafn hvers sjóðfélaga. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram endurskoðaðir og áritaðir af skoðunarmönnum reikninga og löggiltum endurskoðanda félagsins fyrir aðalfund.

7. grein. Ávöxtun sjóðsins

Heimilt er að ávaxta fé sjóðsins í ríkisskuldabréfum, í skuldabréfum tryggðum með öruggum fasteignaveðum, í fasteignum tengdum starfsemi sjóðsins, í bönkum og sparisjóðum eða á annan þann hátt er stjórn sjóðsins metur tryggan og veitir jafn góða ávöxtun sbr. 26. gr. laga félagsins. Ávallt skal þess gætt að varsla og ráðstöfun fjármuna sjóðsins brjóti ekki í bága við markmið hans og verkefni.

8. grein. Afgreiðsla og rekstrarkostnaður

Afgreiðsla sjóðsins skal vera á aðalskrifstofu félagsins.

Allan beinan kostnað við rekstur ber sjóðurinn sjálfur. Kostnað vegna afgreiðslu og skrifstofuhalds skal ákveða í samkomulagi milli stjórnar sjóðsins og félagsstjórnar.

9. grein. Umsóknir og réttur til úthlutunar úr sjóðnum

Rétt til úthlutunar orlofshúsa og orlofsíbúða eiga allir félagsmenn Verkefni Vest sem greitt er af til sjóðsins svo og þeir sem lokið hafa starfsævi hjá félaginu, eru orðnir 67 ára eða eldri og hafa verið félagsmenn eigi skemur en 5 ár.

Verkefni Vest er heimilt að semja við önnur félög um samstarf við útleigu orlofshúsa og íbúða. Félagsfólk þeirra félaga getur leigt orlofshús samkvæmt reglum sem stjórn orlofssjóðs setur.

Umsóknir eru rafrænar á orlofsvefs félagsins á heimasíðu þess.

10. grein. Málskot

Heimilt er að vísa ágreiningi vegna úthlutunar til úrskurðar félagsstjórnar.

11. grein. Breytingar á reglugerðinni

Reglugerð þessari má aðeins breyta á aðalfundi félagsins enda sé þess getið í fundarboði að reglugerðarbreytingar séu á dagskrá. Tillögum til reglugerðarbreytinga, sem einstakir félagsmenn vilja koma á framfæri, skal skilað til félagsstjórnar eigi síðar en fyrir lok mars mánaðar ár hvert.

Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða nægir til þess að reglugerðarbreyting teljist samþykkt.

12. grein. Gildistími

Reglugerðin var lögð fram og samþykkt á aðalfundi Verkalýðsfélags Vestfirðinga þann 14. maí 2013 og gildir frá þeim tíma.

Þannig samþykkt á aðalfundi Verk Vest 8. maí 2023

